

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um skýrslur um laxveiði og selveiði. — Með því að neðri deild alþingir hefur samþykkt á síðasta þingi að skora á landshöfðingjann, að útvega fyrir næsta þing skýrslur um laxveiði og selveiði um land allt og álit um það, hver líkindi sjeu til þess, að laxveiði vaxi eða komi upp, ef sel væri eytt, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir sýslumenn þá, sem þjer eruð skipaður yfir, að útvega skýrslur þær og álit, sem neðri deild alþingis þannig hefur beiðst eptir, og að senda yður það svo tímanlega, að þjer getið komið því til mín fyrir næsta alþingi.

28. des.

Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslum

162

Kunngjörir: Samkvæmt fyriræmum laga nr. 18. 22. maí 1890, 6. gr. hefur sýslunefndin í Vestur-Skaptafellssýslu gjört svo hljóðandi

Samþykkt.

um lækning hunda af bandormum o. fl. í Vestur-Skaptafellssýslu.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu kosnir af sýslunefnd 2—3 menn til að annast um lækningar hunda af bandormum.

2. gr.

Lækning allra hunda í sýslunni fer fram tvisvar á ári, í maímánuði og í nóvembermánuði. Á hvaða degi og hvar lækningin fer fram í hverjum hreppi ákveða lækningamenn fyrirfram og tilkynna hlutaðeigendum. Skylt er eigendum hundanna að flytja þá á lækningastaðinn.

3. gr.

Heimilt er lækningamönnum að skipta hreppnum í svo margar deildir, sem þörf er á, er hver hafi sinn lækningamann úr þeirra hóp og sinn lækningastað.

4. gr.

Hverjum hundi skal gefa inn hæfilegan skamt af arekaduþti eða kamala, og skulu lækningamenn, að því er snertir inngjöfina og meðferð á hundunum á undan inngjöfnni og á meðan meðalið er að verka, haga sjer nákvæmlega eptir fyrirsögn þeirri um inngjöf meðalanna, sem látin verður fylgja samþykkt þessari¹.

1) Inngjöf meðalanna.

Hundarnir skulu lokaðir inni í úthýsi, þó eigi í heyhlöðum nje fjárhúsum. Af kamala er hverjum hundi gefið inn allt að $\frac{1}{2}$ lóði, úthraert í vatni eða mjólk, tvisvar með 12 tíma millibili. Þann tíma mega hundarnir einkis neyta. Sje arekaduþt við haft, á að loka hundinn inni í sólarhring, og má hann alls engan mat eða drykk fá á meðan; síðan skal gefa hundinum inn 5 grömm af duptinu, hrærðu út í graut, slátri eða mjólk. Vanalega fær hundurinn klyju á eptir, en það verður að reyna að koma í veg fyrir, að hann selji upp fyrsta hálfu klukkutímam á eptir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á ein-

162 Sýslunefndin annast útvegum meðala og sjer um, að ávallt sje til nægar birgðir af þeim.

5 gr.

Verði vart við bandorma í einstökum hundum milli lækningatíma, skal tilkynna það lækningamönnum og gjöra þeir þá rádstafanir til að lækna þá svo fljótt sem unnt er. En eigi verða þeir hundar fyrir það undanþegnir lækningum á hinum fyrirskipudu tímum.

6. gr.

Nú valda forföll, að hundur kom eigi til lækninga, og skal húsbóndi hans, svo fljótt sem hann getur á eptir, færa hann lækningamönnum, en álltast ella hafa skotið honum undan lækningu.

7. gr.

Allir þeir hundar, er enginn finnst eigandi að, skulu lækningamenn annast um, að sje þegar drepnir.

8. gr.

Lækningamenn skulu hafa bók, er löggilt er af sýslumanni; skulu þeir á hverju ári rita í hana skrá yfir hundaeigendur í hreppnum og tölu þeirra hunda, er þeir hafa haft til lækninga frá hverjum einum. Fyrir hver árslok skulu þeir senda sýslunefndinni skýrslu samhljóða bókinni.

9. gr.

Fyrir hvern hund skal greiða lækningamönnum úr sýslusjóði 25 aura fyrir hverja lækning samkvæmt reikningi, er sýslunefndin úrskurðar.

10. gr.

Á hverju hreppþingi skulu lækningamenn brýna fyrir hreppsbum, að taka alla þá sulli, er finnast í slátrudu sauðfje, og brenna þá, eða grafa djúpt í jörðu; einnig að grafa hausa af höfuðsóttarkindum. Sömu leiðis skulu þeir áminna menn, að umgangast hunda mjög varlega, og hafa sterka gæzlu á því, að þeir nái eigi í matar- eða vatnsilát, nje að þeir fái að liggja í rúmum manna.— Börnum skal eigi leyft að leika sjer að hundum.

11. gr.

Vanræki lækningamenn að hlýða þessari samþykkt, varðar það 2—10 króna sekt eptir málavöxtum. Sje hundi skotið undan lækningu af ásettu ráði, eða hirduleysi, eða sje lækningamönnum sýnd óhlýðni eða móttprói, varðar það 1—10 kr. sekt eptir málavöxtum. Sektirnar renna í sýslusjód.

*

*

*

Þetta er öllum hlutaðeigendum til vitundar gefið.

Undir mín hönd og embættisinnsigli.

Skrifstofu Skaptafellssýslu, 50. nóv. 1895.

Guðl. Guðmundsson.

(L. S.)

hverju, láta vel að honum, eða, ef það eigi dugar, gjöra hann sneypnan o. s. frv. Eptir $\frac{1}{2}$ —3 kl.tíma gengur ormurinn niður af hundinum. — Þegar hundarnir hafa verið í varðhaldi 24 tíma, eða, ef Arekaduþt er viðhaft, 27 tíma, og meðalið hefur verkað, skulu þeir baðaðir í sjóeða keitu og síðan skal þeim sleppt. — Hús það, er hundarnir hafa verið geymdir í, skal vandlega hreinsað, og allur saur úr þeim grafinn að minnsta kosti 2 álnir niður í jörð og vandlega hulið yfir.